

**Ed.**

### **943. Frumvarp til laga**

um eignakönnun.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 884 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Skuldabréfin skulu vera til sölu almenningi frá 1. júlí til 15. ágúst 1947. Landsbanki Íslands annast söluna. Bréfin skulu fást keypt á þeim stöðum og hjá þeim aðilum, sem bankinn ákveður í samráði við fjármálaráðherra.

17. gr. hljóðar svo:

Nú kemur fram meiri eign á hinu sérstaka framtali, eða við rannsókn á því, en samrýmt getur fyrri framtölum viðkomandi skattþegns, og skal þá um það fara sem hér segir:

Af eign allt að 25000 krónum, sem sannanlega hefur verið til orðin fyrir 1. jan. 1940, og þá og síðan hefur verið undan framtali dregin, skal ekkert gjald greiða. Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsektar.

Af eign, sem til hefur orðið eftir 1. jan. 1940 og dregin hefur verið undan framtali, skal ekkert gjald greiða af fyrstu 15000 krónunum, af 15000—25000 kr. greiðist 5%, af 25000—35000 kr. greiðist 10% og af 35000—45000 greiðist 15%. Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi lögum, án skattsektar.

Ofangreind ákvæði skulu ekki vera því til fyrirstöðu, að skattþegn geti, ef hann kys það heldur, talið fram til skattyfirvalda, áður mánuður er liðinn frá framtalsdegi, undandregnar eignir og greitt vangoldinn skatt vegna undandráttares, samkvæmt gildandi skattalögum, án skattsekta. Skattþegn, sem þannig telur fram, skal njóta hagræðis þess, sem getur í 2. og 3. málsgrein þessarar greinar.